



Ritrynd grein birt 31. desember 2010

Vanda Sigurgeirsdóttir

# Skilgreining á hugtakinu tómstundir

Í greininni er leitast við að skilgreina hugtakið tómstundir (e. leisure). Hefur það ekki verið gert áður á Íslandi með þessum hætti, eftir því sem næst verður komist. Ekki er um einfalt verk að ræða því erlendir fræðimenn eru almennt sammála um að mjög erfitt sé að skilgreina hugtakið. Til umfjöllunar er nálgun frá fimm mismunandi hliðum; tómstundir sem tími, athöfn, gæði, viðhorf og hlutverk og mynda þær grunn að skilgreiningu sem sett er fram í lokin. Skilgreiningin gengur út á að tómstundir séu athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum en flokkast ekki sem tómstundir nema að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur svo á að um tómstundir sé að ræða, að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif.

Höfundur er lektor við Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

### Defining the term leisure

The aim of this article is to define the word tómstundir in Icelandic, which means leisure. After a detailed literature search the conclusion is that the term leisure is not easy to define. Leisure scholars around the world agree that defining leisure is difficult and an abundance of definitions exists, without any or little agreement about one or the other. The five approaches; leisure as time, activity, quality, attitude and function, which are introduced in the article, are helpful to clarify the term. Based on them a definition was made: Leisure mainly takes place during free time but to qualify as leisure the action or behavior must be seen as leisure by the participant, it must be his or her own choice, it must be pleasurable and a positive experience. The author is a lecturer/assistant professor at the Department of Sport, Social Education and Leisure Studies.

## Inngangur

Tilgangurinn með þessari grein er að skilgreina hugtakið tómstundir. Mikilvægt er að geta þess í upphafi að í greininni eru hugtökin tómstundir og frístundir lögð að jöfnu. Að skýra hugtök er nauðsynlegur þáttur í fræðilegri umfjöllun og rannsóknum fyrir allar fræðigreinar. Má til að mynda nefna að skilningur á hvað hugtök þýða er mikilvægur fyrir kenningarlega uppbyggingu, ásamt því að þessi skilningur gerir okkur kleift að skilja og túlka rannsóknir (Howe og Rancourt, 1990; Shaw, 1985). Í raun má segja að ómögulegt sé að alhæfa um eða staðfesta niðurstöður rannsókna á hlutlausan hátt ef skilgreining er ekki

fyrir hendi (Gunter, 1987). Auk þess er hætt á að hugsun og framsetning rannsakandans verði ruglingsleg ef hugtök eru á reiki (Arnold, 1991). Af þessu má sjá að skilgreining hugtaka er mikilvæg fyrir allar fræðigreinar, þar á meðal tómsundafræðina.

Staðan á Íslandi er þó þannig að ekki liggur fyrir nægjanlega góð skilgreining á hugtakinu tómsundur. Víða er orðið notað, bæði í fræðilegu samhengi sem og í dagblaðagreinum og á heimasíðum, en yfirleitt alltaf án þess að skilgreining fylgi. Sem dæmi hefur Íþrótt- og tómsundaráð Reykjavíkur (e.d.) gefið út starfsskrá sem ætlað er svipað hlutverk og námskrár hafa í skólasterfi. Útgáfan er til fyrirmyndar en eigi að síður kemur ekki fram skilgreining á hugtakinu tómsundur. Hugtakið er ekki heldur skilgreint í lögum en í æskulýðslögum (nr. 70/2007) er fjallað um hugtakið æskulýðsstarf og tengsl þess við skipulagt tómsundastarf. Í orðabókum kemur fram að orðið tómsundur hafi merkinguna „frístund, stund eða tími þegar ekki þarf að gegna skyldustörfum“ (Árni Böðvarsson, 1982, bls.728; Mörður Árnason, 2002, bls.1601; Snara, e.d.) og er í raun frekar um orðskýringu að ræða en skilgreiningu sem hægt er að nota í rannsóknnum og fræðilegri umfjöllun. Því til viðbótar er umræða fagaðila um skilgreiningu á tómsundum lítil og gæti það átt sinn þátt í að mörg hugtök eru í notkun, svo sem tómsundur, frístundur, tómsundastarf, dægradvöl, afþreying og frítími, án þess að merking hugtakanna sé skýr. Mikilvægt er að ráða bót á þessu, ekki síst með það í huga að tómsundafræðin á Íslandi er um það bil að slíta barnsskónum; nám til B.A. gráðu hefur verið við lýði í bráðum áratug, tómsundafræði er nú kennd á meistarastigi við Háskóla Íslands, ásamt því að í það minnsta þrjár aðilar leggja stund á doktorsnám á sviðinu. Óhætt er því að segja að bráðnaðsynlegt sé fyrir fræðigreininna að skilgreina hugtakið tómsundur.

Í þessu samhengi er vert að minnast á að hugtakið tómsundur er ekki aðeins orð sem hægt er að skýra í orðabók, heldur hugsmíð (e. *construct*) sem ber í sér ákveðinn eiginleika, viðhorf, skoðun eða hegðun sem oft er óhlutbundinn (e. *abstract*), erfitt er að henda reiður á og ekki hægt að sjá með berum augum, svo sem þunglyndi, sjálfsmynd og kvíði. Því þarf oft að mæla hugsmíð með mörgum mismunandi aðferðum eða í það minnsta með fleiri en einni spurningu (Ragna B. Garðarsdóttir, e.d.). Hugsmíð er þannig vitsmunaleg og getur verið breytileg frá einu menningarsvæði til annars, en það getur haft í för með sér vandamál við þýðingu og staðfærslu (Steingrímur Skúlason, 2005). Af þessu leiðir að erfitt getur reynst að finna eina „sanna“ skilgreiningu á hugsmíð heldur verður að nást samkomulag um skilgreiningu innan fræðigreinar. Með þetta í huga er markmiðið með þessari grein að leita í fyrirbyggjandi gögnum og greina hvernig hugtakið tómsundur hefur verið skilgreint. Setja síðan fram skilgreiningu sem hægt er að nota á Íslandi, bæði fyrir tómsundafræðina og vettvanginn.

Ein afleiðing þess að ákveðinn sofandaháttur hefur verið ríkjandi gagnvart því að skilgreina hugtakið tómsundur á Íslandi er sú að ekki er til mikið ritað efni á íslensku um efnið. Höfundur fann aðeins eina ritrýnda grein, ásamt nokkrum lokaritgerðum á grunnstigi við HÍ. Ýtir þetta enn frekar undir mikilvægi þess að ráðast í þá skilgreiningarvinnu sem hér er hafin. Greinin er því fyrst og fremst byggð á erlendum heimildum um skilgreiningar á enska orðinu *leisure* sem þýðir samkvæmt orðabók tómsundur eða frístund (Snara, e.d.).

Á tímum veraldarvefsins er nokkuð auðvelt að finna mikið magn upplýsinga um næstum því hvað sem er, sérstaklega ef leitað er á kerfisbundinn og skipulagðan hátt. Sú varð einnig reyndin að þessu sinni því leitinn leiddi í ljós umtalsvert magn af fræðilegum gögnum á ensku. Markmiðið með leitinni í fyrirbyggjandi gögnum var þó ekki að finna allt sem til er um skilgreiningar á tómsundum, heldur frekar að framkvæma skipulagða leit í þeim fagtímaritum sem til eru á vettvangi tómsunda, ásamt leit í fræðibókum og hættu leitinni þegar skýr mynd af hugtakinu væri komin fram eða þegar þeim punkti væri náð að

frekari leit leiddi ekkert nýtt í ljós. Þetta hefur verið kallað mettun (e. *saturation*) og er notað við greiningu á eiginlegum gögnum en getur einnig reynst nytsamlegt í leit í fyrirliggjandi gögnum (Chilcott, Brennan, Booth, Karnon og Tappenden, 2003; Petticrew og Roberts, 2006).

Við leitina fundust ótal nálganir og skýringar frá ýmsum sjónarhornum, svo sem frá sjónarhóli félagsfræði, hagfræði, sagnfræði og tómstundafræða, ásamt kenningarlegum nálgunum, eins og táknrænum samskiptum (e. *symbolic interaction*). Því var nauðsynlegt að afmarka umfjöllunina og fjallar greinin fyrst og fremst um nálgun frá fimm hliðum sem felast í tíma-, athafna-, gæða-, viðhorfa- og hlutverkanálgun. Þessi mismunandi nálgun veitir innsýn í hugtakið tómstundir og er ákveðinn grunnur til að byggja á. Verður hér á eftir fyrst fjallað almennt um skilgreiningu á hugtakinu tómstundir en síðan gerð grein fyrir þessari mismunandi nálgun.

## Skilgreiningar á hugtakinu tómstundir

Eins og fram hefur komið eru mörg hugtök notuð á Íslandi yfir það sem fólk gerir í frítíma sínum og þeim jafnvel blandað saman. Til dæmis fjallar grein Amalíu Björnsdóttur, Baldurs Kristjánssonar og Barkar Hansen (2009) um tómstundir barna á Íslandi. Þau segja að tómstundir megi skilja sem þátttöku í tómstundastarfi, íþróttum eða listum sem skipulagðar eru á vegum félaga eða samtaka utan skólatíma. Frístundir merki aftur á móti afþreyingu sem börn eða unglingar stunda utan skólatíma og nefna tölvunotkun og að horfa á sjónvarpið sem dæmi. Frítímamann segja þau vera tiltölulega frjálsan, þar sem börn geta leikið sér og gert nokkurn veginn það sem hugurinn gírnist, án eftirlits eða afskipta fullorðinna sem þó setja einhver mörk, t.d. tímamörk á tölvunotkun. Hér virðist frítími og frístundir eiga við það sama, ásamt því að höfundar greinarinnar skipta tímanum eftir skóla í tómstundir og frístundir. Tómstundum er, samkvæmt greininni, frekar stýrt af fullorðnum og oft eru gerðar kröfur til barnanna, svipað og í skólastofunni, til dæmis um árangur og afköst. Dæmi um tómstundir er listnám og íþróttaiðkun. Amalía, Baldur og Börkur segja að: „Frá þessum sjónarhóli eru frístundir andstæða tímans í skólanum, þ.e. utan frímínútna, og þess starfs sem þar fer fram. Tómstundirnar eru þar mitt á milli.“ (2009). Hér virðist að tómstundir og tómstundastarf sé lagt að jöfnu eins og gert er með frítíma og frístundir. Samkvæmt þessu eru þá tvö hugtök notuð; tómstundir fyrir hið skipulagða og frístundir yfir hið óskipulagða. Þessi hugtakanotkun er ekki í samræmi við það sem gengur og gerist á vettvangi, þar sem í raun er litið á tómstundir og frístundir sem það sama. Í greininni er einnig talað um tómstundastörf ýmiskonar, skipulagðar tómstundir, tómstundastarf og tómstunda- og frítímastörf.

Í skýrslu Rannsóknar og greiningar um ungt fólk 2009 eru einnig notuð mörg hugtök:

Þá hafa rannsóknir sýnt um árabíl að sjálfsmynd barna sé að miklu leyti mótuð í gegnum þátttöku í félags- og tómstundastarfi þeirra, sem oft liggur utan við umhverfi fjölskyldu og skóla. Kenningar og rannsóknir um lífsstíl barna og ungmenna, sem miðast oft við að skýra hvað þeir geri í frístundum og með hverjum þeir verji tíma sínum, hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð þeirra hvers eðlis tómstundir þeirra eru. Einnig hefur verið bent á að börn þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja. Rannsakað hefur verið hvernig börn og unglingar verja frítíma sínum, og sýna niðurstöður að starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi þeirra en starf sem ekki er skipulagt og í umsjá ábyrgra aðila, og að skipulagt tómstundastarf dregur úr líkum á að börn tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon, 2009, bls. 17–18). (Skáletrun er höfundar)

Hér er ekki ætlunin að gagnrýna eða leggja dóm á þessi tvö dæmi, heldur aðeins að sýna fram á nauðsyn þess að skilgreina hugtakið tómsundur og að hvetja til umræðu. Í kjölfarið væri óskandi að samkomulag næðist um hugtakanotkun sem er mjög á reiki eins og sést á því að það starf sem fram fer með börnum 6–9 ára eftir skóla er kallað frístundaheimili, frístundaskóli, tómsundaheimili, tómsundaskóli, dægradvöl og heilsdagsskóli, svo eitt-hvað sé nefnt.

Einfaldast væri ef til væri erlend skilgreining sem myndi leysa vandann með einföldum hætti en svo er ekki því fræðimenn hafa ekki komið sér saman um skilgreiningu. „Að skilgreina tómsundur er erfitt, svo erfitt að það hefur verið rökrætt í yfir 2000 ár,“ segir Torkildsen (2005) í bók sinni um tómsundur. Blackshaw (2010) gengur meira að segja svo langt að setja fram þær hugrenningar að sökum þess hvað hugtakið er fljótandi verði jafnvel aldrei hægt að skilgreina það og Rojek (1995) veltir því upp að tómsundur séu jafnvel ekki til, og það skýri hve erfitt er að skilgreina hugtakið. Margir fræðimenn eru sammála Torkildsen um erfiðleikana við að skilgreina tómsundur (Bull, Hoose og Weed, 2003; Harris, 2005; Haywood o.fl., 1995; Kelly, 2009; Leitner og Leitner, 2004; Rojek, Shaw og Veal, 2006). Neulinger (1974), sem margir vísa til, segir að þrátt fyrir þessa erfiðleika sé nauðsynlegt fyrir allar rannsóknir að skilgreina hugtök og að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir tómsundafræðina þar sem nóg er um hugtakarugl.

Þrátt fyrir að „hina einu sönnu“ skilgreiningu virðist hvergi að finna eru fjölmargar skilgreiningar til, yfir 200 ef marka má Edginton, Coles og McClelland (2003). Sumar þessara skilgreininga eru einfaldar, eins og skilgreining Leitner og Leitner (2004), en þau skilgreina tómsundur sem frítíma eða tíma lausan við skyldur þar sem einstaklingur er ekki í vinnu eða að framkvæma aðrar athafnir sem eru nauðsynlegar fyrir framfærslu. Shivers (1981) gengur enn lengra og segir að tómsundur séu einfaldlega allur okkar frítími. Aðrir gagnrýna skilgreiningar sem þessar og segja þær ekki eiga við á okkar tímum. Þeirra á meðal er Blackshaw (2010) sem segir samtíma okkar mun flóknari en svo að hægt sé að reikna út frítímamann með einföldum hætti. Mörk, sem áður voru skýr og aðgreindu heimilið frá vinnu, tómsundur frá menntun, vinnu frá tómsundum o.s.frv., eru nú óljós og gera þessa útreikninga erfiða. Margbreytilegur samtími okkar er samkvæmt þessu mun flóknari en áður og skilgreining á tómsundum ekki svo einföld.

Af þessu má sjá að erfiðleikarnir við að skilgreina hugtakið tómsundur eru töluverðir. Með nálgun frá fimm hliðum; tíma-, athafna-, gæða-, viðhorfa- og hlutverkanálgun er hægt, eins og fram hefur komið, að auka skilning á hugtakinu og eiga þannig þátt í að búa til skilgreiningu fyrir íslenskar aðstæður.

## Nálgun frá fimm hliðum

### Tómsundur sem tími

Flestir nefna tíma þegar þeir eru beðnir um að skilgreina tómsundur og eiga þá við tíma utan vinnu og tíma til að gera það sem hver og einn vill. Tími er greinilega mikilvægur og mikið er til af fræðilegum heimildum um samband tíma og tómsunda. Vinnan er einnig mikilvægur þáttur í tímanálguninni, því algengt er að litið sé á tómsundur sem andstæðu vinnu (Bull o.fl., 2003; Harris, 2005; Haywood o.fl., 1995; Hunnicutt, 2006; Kelly, 2009; Leitner og Leitner, 2004; Roberts, 2006; Torkildsen, 2005). Ef svo er, hvað þá með athafnir eins og að hugsa um aldraða foreldra, sofa eða fara í sturtu? Þetta hefur verið leyst með því að líta á tómsundur sem þann tíma sem eftir er þegar vinnu, skyldu og líkamlegum nauðsynjum sleppir (Bull o.fl., 2003; Leitner og Leitner, 2004; Torkildsen, 2005; Wankel, 1994). Því ætti, samkvæmt tímanálguninni, að vera hægt að reikna nákvæmlega út þann tíma sem hver og einn hefur fyrir tómsundur. Ýmis vandkvæði hafa þó komið í ljós og ókostir tímanálgunarinnar eru nokkrir.

Í fyrsta lagi er nálgunin byggð á andstöðunni milli vinnu og tímstunda. Fyrir þá sem eru í launaðri vinnu er þetta nokkuð skýrt og auðvelt að reikna út, en hvað með t.d. atvinnulausa, heimavinnandi húsmæður og ellilífeyrisþega? Er líf þeirra tómstundir frá morgni til kvölds? Ein ástæða þess að femínistar og fleiri hafa gagnrýnt að litið sé á tómstundir sem andstæðu við vinnu er einmitt sú að skilgreiningin á ekki við alla þjóðfélagshópa (Blackshaw, 2010; Haywood o.fl., 1995; Roberts, 2006). Í öðru lagi er daglegt líf fólks yfirleitt ekki svona snyrtilega hólfað niður í tímæiningar. Oft gerir fólk marga hluti í einu og því geta vinna, líkamlegar þarfir og tímstundir runnið saman (Leitner og Leitner, 2004). Þar með er í raun ómögulegt að reikna nákvæmlega út þann tíma sem flokkast sem tímstundir samkvæmt tímanálguninni. Í þriðja lagi er erfitt að ákveða hvað er skylda eða vinna og hvað eru tímstundir. Er það skylda eða tímstundir að leika við börnin sín eða heimsækja gamla frænku á Grund? Er það vinna eða tímstundir að vera sjálfbóðaliði hjá vinalínu Rauða krossins tvö kvöld í viku? Þessi þrjú vandamál við tímanálgunina sýna að erfitt er að draga skýra línu milli tímstunda og því sem eftir stendur af okkar daglega lífi (Roberts, 2004).

Fjórða vandamálið við þessa nálgun er það að þó að tíminn utan vinnu eða skyldustarfa teljist vera tímstundir, segir sú skilgreining ekkert um gæði og innihald tímans en það telja margir að sé einmitt mikilvæg forsenda þess að um tímstundir sé að ræða (Blackshaw, 2010; Bull o.fl., 2003; Edginton o.fl., 2003; Hamilton-Smith, 1991; Haywood o.fl., 1995; Torkildsen, 2005). Til að mynda gerðu Russel og Stage (1996) rannsókn meðal flóttakvænna frá Súdan og fundu út að konurnar áttu mikið af tilgangslausum frítíma sem þær litu alls ekki á sem tímstundir heldur frekar sem byrði. Í þessu samhengi má velta upp spurningunni hvort líta beri á allan frítíma sem tímstundir? Ýmsir álíta að svo sé ekki og benda því til stuðnings á neikvæða og jafnvel glæpsamlega hegðun sem fólk velur að fást við í frítíma sínum (Stebbins, 2007). Innbrot, fjöldamorð og fíkniefnaneysla eru ekki tímstundir samkvæmt þessu því slíkt atferli hefur ekki í för með sér uppbyggjandi reynslu og jákvæðar afleiðingar. Aðrir eru ekki sammála og tala um ólöglegar, óeðlilegar eða andfélagslegar tímstundir (Blackshaw, 2010; Leitner og Leitner, 2004; Rojek, 2000; Shinew og Parry, 2005; Stebbins, 2007; Williams, 2009). Bæði Blackshaw og Rojek álíta til dæmis að allt sem við gerum í frítímanum sé tímstundir, burt séð frá því hvort um löglegt eða ólöglegt athæfi sé að ræða.

Þrátt fyrir ákveðna annmarka er tímanálgunin mikilvæg og á sinn þátt í að auðvelda skilning á hugtakinu tímstundir. Margir rannsakendur nota þessa nálgun, t.d. með notkun tímadagbóka og reyna þannig að kortleggja hvernig þátttakendur skipta tímanum á milli vinnu, skyldustarfa, svefns, tímstunda o.fl. (Haywood o.fl., 1995).

### **Tímstundir sem athöfn eða starfsemi (e. activity)**

Athafnanálgunin er skyld tímanálgunni og er litið á tímstundir sem röð athafna eða starfsemi sem fólk velur að fást við í frítíma sínum (Haywood o.fl., 1995; Torkildsen, 2005). Má þar nefna skátastarf, trúarstarf, tónlistarnám og íþróttir. Áherslan er ekki á einstaklinginn heldur á það sem gert er (Bull o.fl., 2003). Margir rannsakendur nota þessa aðferð, oft með því að hanna spurningalista þar sem spurt er út í ákveðna starfsemi. Þátttakendur merkja þá við hvort og hve oft þeir taka þátt í viðkomandi tímstundum.

Vandamálið við þessa nálgun er að listarnir geta verið misjafnir milli rannsókna, auk þess sem mikil áhersla er lögð á skipulagðar tímstundir sem fara fram innan stofnana og félaga en ekki á óvirkar og óskipulagðar tímstundir (Bull o.fl., 2003; Haywood o.fl., 1995). Einnig er ólíklegt að listarnir séu alveg hlutlausir en þar sem rannsóknir sem þessar eru oft notaðar við ákvarðanatöku um úthlutun fjár og byggingu mannvirkja getur það skipt miklu máli. Að auki getur það gerst að aðeins samfélagslega samþykktar tímstundir séu teknar með í spurningalistana en aðrar tímstundir þyki ekki eins merkilegar og þá jafnvel

ekki litið á þær sem tómstundir. Mikill fjöldi barna og unglunga leggur stund á ýmsar tómstundir utan stofnana og félaga, það getur verið listsköpun af ýmsu tagi, eins og stuttmyndagerð, leiklist, tónlist eða tölvuvinna sem jafnvel fer fram í herbergjum, bíl-skúrum eða á háaloftum. Hætta er á að rannsóknir byggðar á athafnanálguninni skoði ekki gildi slíkra tímstunda þar sem þær eru ekki á listunum.

Þrátt fyrir ákveðnar takmarkanir gefa rannsóknir þar sem þessi nálgun er notuð mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nota við stefnumótun, forvarnarstarf og skipulag á starfsemi, svo eitthvað sé nefnt. Ekki getur athafnanálgunin þó ein og sér skýrt hugtakið tómstundir með fullnægjandi hætti, m.a. vegna þess að hún segir, eins og tímanálgunin, ekkert um gæði og innihald.

### Tómstundir sem gæði (e. *quality*)

Í gæðanálguninni skiptir innihald tímans öllu máli og litið er á tómstundir sem gæði frekar en hegðun. Tómstundir verða samkvæmt þessari nálgun að hafa í för með sér vellíðan, ánægju, merkingarbæra reynslu og hafa jákvæð áhrif á einstaklinginn. Í gæðanálguninni, eins og tímanálguninni, er litið á tómstundir sem andstæðu vinnu og þann tíma sem fólk endurnýjar sig eftir vinnudaginn (Bull o.fl., 2003; Haywood o.fl., 1995). Munurinn er aftur á móti sá að samkvæmt gæðanálguninni er ekki hægt að mæla tómstundir einungis sem tímann eftir vinnu heldur þarf upplifunin að vera jákvæð (Edginton o.fl., 2003; Torkildsen, 2005). Auk þess þarf frelsi og val að vera til staðar, því til að tryggja gæði upplifunarinnar þarf hver og einn að hafa frelsi til að velja sér þær tómstundir sem hann telur að muni hafa í för með sér afslöppun, ánægju, sjálfsbætingu og ígrundun (Kraus, 2001). Neulinger (1981;1984) er sammála þessu og heldur því fram að ekki geti verið um tómstundir að ræða nema einstaklingurinn upplifi að hann hafi frelsi til að velja. Gott dæmi um þetta eru tómstundir sem atvinnulausum er gert að taka þátt í og sem þeir geta upplifað sem ófullnægjandi tímaeyðslu frekar en tómstundir, því ekki er um val að ræða (Bull o.fl., 2003). Fritími flóttakvennanna frá Súdan, sem minnst var á hér á undan, eru annað dæmi.

Rannsóknir, þar sem þátttakendur sjálfir velja á milli þess sem þeir telja vera tómstundir og þess sem þeir telja ekki vera tómstundir, hafa leitt í ljós að upplifað frelsi (e. *perceived freedom*), innri áhugahvöt (e. *intrinsic motivation*) og innri ánægja (e. *intrinsic satisfaction*) er það sem þátttakendur voru mest sammála um að þyrfti að vera til staðar til að um tómstundir væri að ræða (Iso-Ahola, 1979; Roelofs, 1999; Ungern og Kernan, 1983). Þó er mikilvægt að átta sig á að skyldur okkar eru í sumum tilfellum hvorki óvelkomnar né byrði og geta talist sem tómstundir. Einnig geta athafnir sem við erum beinlínis neydd til á ákveðnum tíma veitt okkur mikla ánægu síðar, eins og að vera neydd í tónlistarskóla af foreldrum. Þrátt fyrir þetta er frelsi mikilvægur þáttur þegar kemur að tímstundum.

Gæðanálgunin passar vel við hugmyndir margra um tómstundir en eigi að síður eru nokkur atriði sem hafa þarf í huga. Fyrst ber að nefna að samfélagið og stofnanir þess hafa áhrif á val okkar og auk þess er hugtakið gæði gildishlaðið. Hvað er gott, jákvætt og merkingarbært og hvað er slæmt og tilgangslítið? Og hver ákveður hvað er hvað? Gæðahugtakið í tímstundum er því ekki hlutlaust og felur í sér mat ráðamanna á því hvernig tómstundir eiga að vera (Haywood o.fl., 1995). Auk þess þarf að hafa í huga, eins og fram hefur komið, að ekki eru allir fræðimenn sammála því að tómstundir séu alltaf góðar og hafi jákvæða hluti í för með sér.

Þrátt fyrir gallana er gæðanálgunin mikilvæg fyrir marga fræðimenn innan tímstundafræðanna, m.a. vegna þess að nálgunin bendir á þau tækifæri sem búa í tímstundum og geta aukið lífsgæði fólks (Haywood o.fl., 1995).



### **Tómstundir sem viðhorf (e. *attitude*)**

Í þessari nálgun er það einstaklingurinn sjálfur sem ákveður hvað flokkast sem tómstundir. Það er því reynsla og skilningur einstaklingsins sem ákvarðar hvað eru tómstundir og hvað ekki. Tómstundir geta þ.a.l. verið mismunandi frá einum einstaklingi til annars og geta tekið breytingum hjá sama einstaklingi, t.d. eftir aldri. Af þessu leiðir að tómstundir geta átt sér stað hvar sem er, hvenær sem er og verið á hvaða formi sem er. Segja má að viðhorfanálgunin sé andleg nálgun og snúist ekki um samfélagslega ákvarðaða starfsemi eða tímabil (Bull o.fl. 2003).

Viðhorfanálgunin er takmörkuð og ekki nægjanlega notadrjúg því tómstundir geta samkvæmt henni verið hvað sem er, jákvætt eða neikvætt. Hefur það í för með sér að erfitt er að mæla og rannsaka tómstundir. Þrátt fyrir þessa annmarka er viðhorfanálgunin töluvert notuð í rannsóknum, þar sem leitað er eftir sjónarhóli þátttakenda og þeirri merkingu sem þeir leggja í hugtakið tómstundir (Mobily, 1989; Parr og Lashua, 2004; Samdahl, 1988; Shaw, 1985). Þannig getur þessi nálgun gefið mikilvægar upplýsingar um hvað einstaklingar og hópar upplifa sem tómstundir.

### **Tómstundir sem hlutverk (e. *function*)**

Hlutverkanálgunin er skyld athafnanálguninni því í báðum tilfellum er lögð áhersla á hvað verið er að gera. Auk þess er hlutverkanálgunin skyld gæðanálguninni því samkvæmt þeim báðum er litið á tómstundir sem eitthvað jákvætt fyrir einstaklinginn (Haywood o.fl., 1995). Hlutverkanálgunin lítur svo á að tómstundir hafi notagildi fyrir einstaklinga og það sem er enn mikilvægara, hafi notagildi fyrir samfélagið. Auk þess er litið á tómstundir sem leið til að ná fram samfélagslega jákvæðum og samþykktum markmiðum og leiðum. Hlutverkanálgunin beinir þannig sjónum að því hvernig tómstundir eru notaðar, með áherslu á innihald og félagslegar afleiðingar (Haywood o.fl., 1995). Þetta þýðir að ekki er litið á ýmsa neikvæða, ólöglega og andfélagslega hegðun sem tómstundir. Samfélagið leyfir ekki hvaða hegðun sem er og til eru skýrar skrifaðar og óskrifaðar siðferðislegar reglur um hvaða hegðun er ásættanleg og hver ekki (Torkildsen, 2005).

Vandamálið við þessa nálgun er það að hægt er að misnota tómstundir í nafni þess sem er gott fyrir fólk. Auk þess er hægt að nota tómstundir sem félagslegt taumhald (Torkildsen, 2005). Þar fyrir utan eru fræðimenn sem mótmæla því að tómstundir þurfi endilega að vera siðferðislegar, löglegar eða eðlilegar, eins og fram kemur í kaflanum um tímanálgunina. Rojek (2000) segir að í tómstundunum sjálfum séu engar siðareglur. Stebbins (2007) tekur í sama streng og segir að tómstundir hafi engan siðferðilegan grunn og geti þess vegna verið andfélagslegar. Shinew og Parry (2005) halda því fram að hægt sé að finna neikvæða hlið á tómstundum og Harris (2005) talar um ólöglegar tómstundir. Aitchison er á öðru máli og segir að ofbeldi, misnotkun og brot á mannréttindum séu ekki tómstundir heldur ofbeldi og ætti að rannsaka sem slíkt (Rojek, 2000). Ljóst er að hvaða skoðun sem við aðhyllumst hlýtur alltaf að vakna spurningin um hver ræður því hvað er gott og hvað vont og hvað er ásættanleg hegðun og hvað ekki.

### **Niðurstöður og umræður**

Ljóst er að tómstundir eru yfirgripsmikið hugtak sem mjög erfitt er að skilgreina og ekki er öruggt að hægt sé að setja fram gallalaus skilgreiningu sem á alltaf við. Þá er mikilvægt að benda á að í heimildum eru tómstundir skilgreindar frá sjónarhornum mismunandi fræðigreina sem hafa ekki sömu áherslur, svo sem félagsfræði, hagfræði og mannfræði og því eðlilegt að skilgreiningarnar séu ekki eins.

Hvernig er þá best að skilgreina hugtakið tómstundir? Tími er greinilega mikilvægur en ekki er nóg að segja að tómstundir séu tíminn sem er afgangur því lífið er mun flóknara en svo. Samkvæmt Roberts (2006) eru mörkin á milli vinnu og tómstunda óljósari og meira

fljótandi en þau voru áður fyrr; sum vinna ber einkenni tómsunda og sumar tómsundir hafa einkenni vinnu (Blackshaw, 2010). Því er erfitt að nota tímanálgunina eingöngu. Það sama má segja um athafnanálgunina. Að segja að tómsundir séu röð athafna eða starfsemi sem einstaklingar velja að fást við í frítíma sínum segir margt um tómsundir en er þó of knöpp skilgreining ein og sér. Auk þess eru margir á því að innihaldið skipti máli og þ.a.l. séu tíminn og hegðunin ekki mikilvægasti þáttur tómsunda heldur gæði reynslunnar. Í því sambandi bendir Harris (2005) á að hamingja geti verið sá þáttur sem best lýsir tómsundum og Unger og Kernan (1983) segja að fyrirliggjandi gögn bendi til að innri ánægja sé helsta einkenni tómsunda og að aðrar skýringar komi þar á eftir. Þetta samsvavar hugmyndum margra um tómsundir. Eigi að síður er erfitt að líta framhjá gagnrýnni, þar á meðal frá Rojek (1995), sem gagnrýnir hefðbundnar nálganir við að skilgreina tómsundir, þ.e. að tengja tómsundir við frelsi, val og lífsfyllingu. Hann heldur því fram að alveg eins og að það að fara í bíó eða taka þátt í íþróttum flokkist sem tómsundir þá geri fjöldamorð, niðurhal á klámi og vændi það einnig (Rojek, 2000). Roberts (2004) talar á svipuðum nótum og segir að tómsundir hljómi vel en hafi einnig dökkan hliðar. Það eru ekki allir að hreyfa sig, læra nýja hluti og þroska sjálfan sig. Margt fólk drekkur áfengi, stundar fjárhættuspil, situr dögum saman fyrir framan tölvu eða sjónvarp og borðar óhollan mat. Tómsundir geta, samkvæmt Roberts, eyðilaggt heilsu, fjármál og fjölskyldusambönd. Williams (2009) bendir síðan á enn annað sjónarhorn og segir að andfélagslegar tómsundir séu ekki alltaf eins slæmar og þær hljómi, heldur geti þær einnig verið skapandi, hressandi og skemmtilegar. Hann bendir tómsundafræðingum á að víkka sjóndeildarhringinn og taka upp á arma sína hinar mörgu og spennandi tegundir af andfélagslegum tómsundum. Þeir sem aðhyllast hlutverkanálgunina eru þessu ekki sammála því samkvæmt þeim verða tómsundir að hafa jákvæð áhrif fyrir einstaklinginn og samfélagið. Siðareglur samfélagsins eiga þannig sinn þátt í að ákveða hvað séu tómsundir og hvað ekki.

Er viðhorfanálgunin þá besta lausnin? Að hver og einn ákveði hvað honum finnst vera tómsundir og hvað ekki. Þrátt fyrir ákveðna kosti við þá nálgun getur hún ekki staðið ein og sér sem grunnur að fræðigreini, því hún er einfaldlega of veik og fljótandi. Samkvæmt því sem margir fræðimenn á sviði tómsunda telja er samt sem áður mikilvægt að hefja rannsóknir á að spyrja þátttakendur hvað tómsundir merki í þeirra huga. Þetta hefur oft verið gert og svör fólks eru yfirleitt á þann veg að tómsundir séu andstæða vinnu, að um val og frelsi sé að ræða, frelsi til að gera hluti af sjálfsdáðum og án þvingana og að þær hafi í för með sér ánægju og vellíðan (Roberts, 2006).

Af þessu má sjá að þegar markmiðið er að skilja og skilgreina hugtakið tómsundir er mikilvægt að nálgast það frá öllum fimm hliðunum en engin nálgunin er gallalaus. Til að leysa þetta hafa sumir fræðimenn valið að blanda nokkrum þeirra eða öllum saman og vinna úr þeim eina skilgreiningu. Aðrir nota mismunandi skilgreiningar við mismunandi aðstæður (Haywood o.fl., 1995; Torkildsen, 2005).

Hér verður leitast við að skilgreina hugtakið með það að markmiði að nota megi skilgreininguna á vettvangi og í rannsóknir og fræðileg skrif innan tómsundafræðanna.

Í grundvallaratriðum má segja að tómsundir eigi sér stað í frítíma. Tómsundir eru því *athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tómsundir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómsundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif*. Kjarni tómsunda má segja að felist í vellíðan og aukningu á lífsgæðum.

Í þessari skilgreiningu er gerður skýr greinarmunur á frítíma og tómsundum. Tómsundir eiga sér yfirleitt stað í frítíma en ekki allur frítími er tómsundir. Afstaða er því tekin gegn



þeim sem líta á glæpi og ýmsa niðurbjótandi hegðun sem tómstundir en með þeim sem líta svo á að tómstundir séu jákvæðar og uppbyggjandi.

## Lokaorð

Með þessari grein eru stigin mikilvæg skref en ýmsu eru þó ólokið. Á fundi háskólaráðs Háskóla Íslands í október árið 1990 var gerð samþykkt sem hljóðar svo: „Háskólaráð beinir þeim eindregnu tilmælum til allra háskóladeilda að þær vinni skipulega að því að til verði íslenskt íðorðasafn á kennsluviði deildarinnar. Líta skal á vinnu við íðorðagerð sem sjálfsagðan þátt í fræðastarfi kennara og sérfræðinga í Háskóla Íslands" (Jóhann Heiðar Jóhannsson, 2001, bls. 4). Með íðorðum er átt við orð sem bundin eru sérstökum fræði- og starfsgreinum (Ágústa Þorbergsdóttir, 2003). Til stuðnings við þetta starf var Orða-banki Íslenskrar málstöðvar tekinn í notkun árið 1997.

Því liggur beinast við að stofna sem fyrst vinnuhóp eða orðanefnd innan tómstundafræðanna með það verkefni að skilgreina og þýða hugtök. Auk þess þarf að skoða betur þann skilning sem ríkir á Íslandi á hugtakinu tómstundir og skyldum hugtökum. Í þeim tilgangi væri hægt að gera rannsóknir hérlendis og ræða við sérfræðinga á vettvangi frítímans, því fagfólk getur gefið gagnlegar upplýsingar um hugtök og hugtakanotkun.

Lokatakmarkið yrði að fagaðilar leggi sama skilning í hugtök og að ekki fari á milli mála við hvað er átt þegar fjallað er um hin ýmsu hugtök tómstundafræðanna.

## Heimildir

Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2009, 15. desember). Tíminn eftir skóla skiptir líka máli. Um tómstundir og frítíma nemenda í 1., 3., 6. og 9. bekk grunnskóla. *Netla, vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 23. september 2010 af <http://netla.khi.is/greinar/2009/010/index.htm>

Arnold, S. (1991). The dilemma of meaning. Í T. Goodale og P. Witt (ritstjórar), *Issues in an era of change* (bls. 5–20). State College: Venture Publishing.

Ágústa Þorbergsdóttir. (2003, desember). *Íslenskt íðorðastarf og orðabanki*

*Íslenskrar málstöðvar*. Erindi flutt á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu. Reykjavík. Sótt 19. desember 2010 af [http://www.rthj.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1011110/Malfregnir\\_22\\_Agusta\\_Thorbergisdottir\\_Islenskt\\_idordastarf\\_og\\_ordabanki\\_Islenskrar\\_malstodvar.pdf](http://www.rthj.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1011110/Malfregnir_22_Agusta_Thorbergisdottir_Islenskt_idordastarf_og_ordabanki_Islenskrar_malstodvar.pdf)

Árni Böðvarsson (ritstjórar). (1982). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Bókaútgáfa menningar-sjóðs.

Blackshaw, T. (2010). *Leisure*. Oxon: Routledge.

Bull, C., Hoose, J. og Weed, M. (2003). *An introduction to leisure studies*. Essex: Pearson Education Limited.

Chilcott, J., Brennan, A., Booth, A., Karnon, J. og Tappenden, P. (2003). The role of modelling in prioritising and planning clinical trials. *Health Technology Assessment*, 7 (23). Sótt 24. september 2010 af <http://www.hta.ac.uk/fullmono/mon723.pdf>

Edginton, C., Coles, R. og McClelland, M. (2003). *Leisure basic concepts*. Reston: American Association for Leisure and Recreation.

Gunter, B. G. (1987). The leisure experience: Selected properties. *Journal of Leisure Research*, 19 (2), 115–130.

- Hamilton-Smith, E. (1991). The construction of leisure. Í B. D. Driver, P. J. Brown og G. Peterson (ritstjórar), *The benefits of leisure* (bls. 445–450). State Collage: Venture.
- Harris, D. (2005). *Key concepts in leisure studies*. London: Sage Publications.
- Haywood, L., Kew, F., Bramham, P., Spink, J., Capenerhurst, J. og Henry, I. (1995). *Understanding leisure* (2. útgáfa). Cheltenham: Stanley Thornes Ltd.
- Howe, C. A. og Rancourt, A. M. (1990). The importance of definitions of selected concepts for leisure inquiry. *Leisure Sciences*, 12, 395–406.
- Hunnicut, B. K. (2006). The History of Western Leisure. Í C. Rojek, S. M. Shaw og A. J. Veal (ritstjórar), *A handbook of leisure studies* (bls. 55–74). Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Iso-Ahola, S. (1979). Basic dimensions of definitions of leisure. *Journal of Leisure Research*, 11, 28–39.
- Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur (e.d.). *Starfsskrá skrifstofu tómstundamála - ÍTR*. Reykjavík: Höfundur.
- Jóhann Heiðar Jóhannson. (2001). Hvað er málstefna. Íðorðapistill 016. *Læknablaðið*, fylgirit 41, 87 (3), 4.
- Kelly, J. R. (2009). Work and leisure: A simplified paradigm. *Journal of Leisure Research*, 41 (3), 439–451.
- Kraus, R. (2001). *Recreation and leisure in modern society* (6. útgáfa). Sudbury: Jones & Bartlett.
- Leitner, M. J. og Leitner, S. F. (2004). *Leisure enhancement* (3. útgáfa). New York: Routledge.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon. (2009). *Ungt fólk 2009. 8., 9. og 10. bekkur. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Mobily, K. E. (1989). Meanings of recreation and leisure among adolescents. *Leisure Studies*, 8 (1), 11–23.
- Mörður Árnason (ritstjóri) (2002). *Íslensk orðabók* (3. útgáfa). Reykjavík: Edda.
- Neulinger, J. (1974). *The psychology of leisure*. Springfield: Charles C. Thomas.
- Neulinger, J. (1981). *To leisure: An introduction*. Boston: Allyn & Bacon.
- Neulinger, J. (1984). Key questions evoked by a state of mind conceptualization of leisure. *Society and Leisure*, 7, 25–36.
- Parr, M. G. og Lashua, B. D. (2004). What is leisure? The perceptions of recreation practitioners and others. *Leisure Sciences*, 26 (1), 1–17.
- Petticrew, M og Roberts, H. (2006). *Systematic reviews in the social sciences*. Oxford: Blackwell Publishing.

- Ragna B. Garðarsdóttir. (e.d.). *Páttagreining. Factor Analysis*. Glærur úr námskeiðinu Spurningakannanir við félagsvísindadeild HÍ. Sótt 15. desember 2010 af <http://www.slidefinder.net>
- Roberts, K. (2004). *The leisure industries*. Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Roberts, K. (2006). *Leisure in contemporary society* (2. útgáfa). Oxfordshire: CABI.
- Roelofs, L. H. (1999). The meaning of leisure. *Journal of Gerontological Nursing*, 25 (19), 32–40.
- Rojek, C. (1995). *Decentering Leisure. Rethinking leisure theory*. London: Sage Publications.
- Rojek, C. (2000). *Leisure and culture*. Basingstoke: Macmillan.
- Rojek, C., Shaw, S. M. og Veal, A. J. (ritstjórar). (2006). *A handbook of leisure studies* (bls. 1–21). Hampshire: Palgrave Macmillan.
- Russel, R. V. og Stage, F. K. (1996). Leisure as burden: Sudanese refugee women. *Journal of Leisure Research*, 28 (2), 108–121.
- Samdahl, D. M. (1988). A symbolic interactionist model of leisure: Theory and empirical support. *Leisure Sciences*, 10 (1), 27–39.
- Shaw, S. M. (1985). The meaning of leisure in everyday life. *Leisure Sciences*, 7 (1), 1–24.
- Shinew, K. J. og Parry D. C. (2005). Examining college students' participation in the leisure pursuits of drinking and illegal drug use. *Journal of Leisure Research*, 37 (3), 364–386.
- Shivers, J. S. (1981). *Leisure and recreation concepts: A critical analysis*. Boston: Allyn & Bacon.
- Snara. (e.d.). *Vefbókasafn*. Sótt 15. desember 2010 af <http://www.snara.is>
- Stebbins, R. A. (2007). *Serious leisure*. New Jersey: Transaction Publishers.
- Sigurgrímur Skúlason. (2005). Hvernig mæla á hugsmíðar með erlendum mælitækjum: Þýðing og staðfærsla á spurningalistum og prófum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 69–81.
- Torkildsen, G. (2005). *Leisure and recreation management* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Ungern, L og Kernan, J. (1983). On the meaning of leisure: An investigation of some determinants of the subjective experience. *Journal of Consumer Research*, 9, 381–392.
- Wankel, L. M. (1994). Health and leisure: Inextricably linked. *Journal of Physical Education, Recreation, and Dance*, 65(4), 28–31.
- Williams, D. J. (2009). Deviant leisure: Rethinking "The good, the bad, and the ugly". *Leisure Sciences*, 31, 207–213.
- Æskulýðslög nr. 70/2007.*



Vanda Sigurgeirsdóttir. (2010).  
Skilgreining á hugtakinu tómstundir.  
*Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.  
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/025.pdf>